



## Skútustaðahreppur

### Skólanefnd

11. fundur  
25. ágúst 2016  
Kl. 15:00-16:45

**Mætt:** Einar Jónsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Þuríður Helgadóttir og Þuríður Pétursdóttir og Marge Neissar varamaður í fjarveru Arnars Halldórssonar. Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri Yls, Sólveig Jónsdóttir skólustjóri Reykjahlíðarskóla og Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara.

- Fundarsetning.** Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- Skipan skólanefndar.** Opið er fyrir endurskoðun á mönnun nefnda á miðju kjörtímabili. Samstarfið hefur gengið vel og hafa allir nefndarmenn áhuga á áframhaldandi setu.
- Leikskólinn Ylur**
  - Barna- og starfsmannafjöldi.** Eins og staðan er í dag verða 22 börn á aldrinum 1-5 ára fyrir áramót og 23 á aldrinum 1-6 ára eftir áramót. Fleiri umsóknir gætu verið á leiðinni. Starfsmenn verða 8-9, flestir í hlutastarfi. Þar af er einn nýr starfsmaður hóf störf í byrjun vikunnar.
  - Starfið framundan.** Starfsáætlun sem lögð var fyrir síðastliðið vor og verður fylgt en hliðrast sem nemur seinkun á opnunartíma eftir sumarfrí.
  - Opnunartími leikskóla.** Leikskólinn er opinn frá 8:10-16:30. Foreldrum hefur verið heimilt að koma með börn 5 mínútum áður en skilgreindur vistunartími hefst og þurfa ekki að vera farin úr skólanum fyrir en 5 mínútum eftir að vistunartíma lýkur. Þessar mínútur hafa haft tilhneigingu til að verða fleiri og til umræðu er að taka fyrir þetta svigrúm. Það er mat skólanefndar að ef fólk þurfi aukíð svigrúm, skuli sótt um lengri vistunartíma. Sé brýn þörf á 5 mínútna svigrúmi í stök skipti við opnun leikskóla og möguleiki að verða við slíku, væri það jákvætt að mati skólanefndar.
  - Flutningur leikskólans.** Flutningur leikskólans yfir í húsnæði Reykjahlíðarskóla er lokið. Framkvæmdir í nýju húsnæði töfðust um eina viku og þurfti því miður að fresta opnun vegna þess. Börn og starfsfólk eru að aðlagast nýjum aðstæðum og gengur vel. Einstakar útfærslur á aðstöðu eru enn í þróun. Starfsfólki og foreldrum er þakkaður sá mikli skilningur sem það hefur sýnt.
  - Leikskólalóð.** Framkvæmdum á lóð er ekki lokið, en hægt að nýta þann hluta sem er tilbúinn, auk skólalóðar með afmarkaðan fjölda barna. Varanleg girðing er væntanleg í upphafi næsta mánaðar. Ætlunin var að skipta framkvæmdum á þrjú ár vegna kostnaðar. Sjálfböðavinna foreldra varðandi jarðvegsvinnu og þökulagningu er nú í skoðun, en slíkt framtak gætti flýtt verklokum svo um munaði. Skólanefnd fagnar slíku framtaki.
  - Aukin þjónusta frá mötuneyti.** Um er að ræða aðstoð við máltíðir og að bjóða upp á morgunmat í leikskólanum. Sú umræða hefur lengi verið uppi meðal einstakra foreldra og ósk skólanefndar að nú verði orðið við þeirri beiðni. Slík þjónusta myndi að líkindum kosta lítilsháttar aukíð starfshlutfall í mötuneyti, en hráefniskostnaður stendur undir sér.
- Reykjahlíðarskóli**
  - Nemenda- og starfsmannafjöldi.** Nemendur verða 36 og starfsmenn 11. Soffía K. Björnsdóttir kemur til baka eftir fæðingarorlof og verður í hálfu starfi. Jóhanna Jóhannesdóttir verður í hlutastarfi. Ingibjörg Björnsdóttir verður í ársleyfi.
  - Starfið framundan.** Sundkennsla mun fara fram á Laugum og verður kennd á einni viku hvora önn og sund kennt tvisvar á dag. Kennaraþing verður á Akureyri 16.september. Samræmd próf verða rafræn og verður dreift á fleiri daga en áður. Útivistardagur verður skipulagður síðar. Danskennsla verður 10.-14.október. Vetrarfrí verður 27.-28.október. Eldri borgarar hafa haft aðstöðu í skólanum undanfarin ár og eru velkomnir áfram.

- c) **Skólaakstur.** Heiði og Gautlönd bætast við akstur síðasta vetrar. Ein ferð fellur niður á fimmtudögum, þá verður enginn akstur skólabilstjóra norðan vatns.
5. **Tónlistarskólinn.** Skútustaðahreppur hefur gert samning við Tónlistarskóla Húsavíkur um tónlistarkennslu. Krista Sildoja hefur verið ráðin til starfsins og mun að jafnaði kenna tvo daga í viku. Krista er fjölhæf og býður upp á kennslu á píanó, gítar, blokkflautu, harmonikku og jafnvel fleira. Tónmenntarkennsla verður fyrir 1.-2. og 4.-6. bekk og til skoðunar að eitthvað verði í boði fyrir leikskóla líka. Börnin eru full tilhlökkunar. Skólanefnd fagnar því innilega að tónlistarkennsla skuli vera komin í svo góðan farveg.
6. **Önnur mál**
- a) **Samstarf við Þingeyjarskóla og Stórutjarnarskóla.** Hugmyndir eru um heimsóknir og samstarf nemenda á unglíngastigi a.m.k. þrisvar yfir veturinn og styður skólanefnd þá hugmynd heilshugar. Þá er á döfni að virkja samtál á milli leikskólastjóra á svæðinu, líkt og hefur verið á meðal skólastjóra grunnskólanna í sýslunum og er því fagnað.
- b) **Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Velferðarvaktinni um kostnað vegna námsgagna.** Í ljósi misjafnar fjárhagsstöðu fjölskyldna hefur þess verið óskað að kostnaði við ritföng og önnur námsgögn verði haldið í lágmarki. Í Reykjalíðarskóla hefur verið miðað að því að halda útgjöldum í algeru lágmarki. Talið er jákvætt að nemendur eigi sín gögn sjálfir, til þess að læra að bera ábyrgð á slíku. Grænfánaverkefnið er talið hafa stutt við nýtingu námsgagna ár frá ári – og hafa foreldrar verið hvattir til að nýta ritföng sem til eru og hefur ekki verið vart við óánægju.
- c) **Samstarf eldri borgara og leik- og grunnskóla, dæmi frá öðru sveitarfélagi.** Á Höfn í Hornafirði eru eldri borgarar þátttakendur í lestrarkennslu barna sem áheyrendur. Þannig starfa þau sem „lestrarafar“ og „-ömmur“, sem hlýða á upplestur barna. Framtakið hefur gefist afar vel, glatt unga og eldri og aukið lestrarfærni barna. Jafnframt eru dæmi um að eldri borgarar starfi á leikskólum, tengt útiveru innan vallar sem utan. Skólanefnd hvetur til að skoðað verði hvort slíkt samstarf væri mögulegt í Skútustaðahreppi.
- d) **Gúmmíkurl á sparkvelli.** Niðurstöður rannsókna sýna ekki fram á að gúmmíkurlíð sé heilsuspillandi. Á liðnu vori var sóðaskapur af kurlinu hins vegar með öllu óboðlegur. Vel verður fylgst með hvort sama verði upp á teningnum á haustdögum, því þá verður að grípa til ráðstafana.

Fundarritari Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

*Krista Sildoja*  
*Guðrún Þórhallsdóttir*  
*Friður Helgadóttir*  
*Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir*  
*Marge Neissar* *Alfons*